

Reglugjörð

um

hafnsögugjald í Hafnarfjarðarkaupstað.

1. gr.

Öll skip, sem eru 30 smálestir að stærð eða meira, skulu, hvort sem þau nota hafnsögumann eða eigi, skyld að greiða hafnsögugjald í fyrsta sinn á ári hverju, er þau koma frá útlöndum og leggjast við festar innan takmarka hafnarinnar. Komi skip oftár á sama ári, skal það ekki greiða hafnsögugjald, nema það noti hafnsögumann.

Herskip, skemtiskip og fiskiskip, sem skrásett eru hjér á landi, eru undanþegin hafnsögugjaldi, nema þau noti hafnsögumann.

2. gr.

Hvert það skip, sem hafnsögumann notar til hafnarinnar eða frá höfninni, skal greiða hafnsögugjald. Auk þess skal greitt sjerstakt gjald fyrir leiðsögu skipa um höfnina sjálfa.

3. gr.

Hafnsögugjaldið, ásamt sjerstöku gjaldi fyrir leiðsögu skipa innan hafnar samkvæmt 2. gr., skal greitt til innheimtumanns hafnargjaldanna. Hefir hafnarsjóður haldsrjett yfir skipunum þar til gjaldið er greitt.

4. gr.

Hafnsögugjöldin, ásamt gjaldi fyrir leiðsögu innan hafnar, renna í hafnarsjóð. Þau má taka lögtaki. Gjöldin skulu greidd þegar innheimtumaður hafnargjaldanna krefst þess og áður en skipið fer burt af höfninni, og getur enginn skipstjóri vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá lögreglustjóra, nema hann með vottorði innheimtumanns, sanni, að hann hafi greitt gjöld samkvæmt reglugjörð þessari.

5. gr.

Gjöldin skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

a. Fyrir leiðsögu til hafnarinnar 15 aurar á hvert nettó reg. tn., þó aldrei minna en 20 krónur.

b. Fyrir leiðsögu frá höfninni hálf gjald, þó aldrei minna en 15 krónur.

c. Fyrir leiðsögu um höfnina sjálfa, þar á meðal að og frá bryggjum eða hafnaruppfyllingum, greiðast 15 krónur fyrir hvert skip alt að 100 reg. tn. nettó, og 30 krónur fyrir stærri skip.

Fyrir leiðsögu skipa frá og til nærliggjandi hafna greiðist sú borgun, er hafnarnefnd ákveður eða innheimtumaður hafnargjalda í umboði hennar, og rennur gjald þetta einnig í hafnarsjóð.

6. gr.

100

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum alt að 1000 kr., og renna sektirnar í 5. nóvbr. hafnarsjóð. Með mál út af slíkum brotum skal fara sem almenn lögreglumál.

Reglugjörð þessi, sem bæjarstjórnin í Hafnarfjarðarkaupstað hefir samið og samþykkt, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 5. nóvember 1920

Pjetur Jónsson.

Oddur Hermannsson.

Samþykkt

101

9. nóvbr.

um

lokunartíma sölubúða á Ísafirði.

1. gr.

Allar sölubúðir kaupmanna og kaupfjelaga á Ísafirði, að undanskildum þeim sölubúðum, sem eingöngu versla með brauð og mjólk, skulu vera lokaðar eftir því, sem ákveðið er í 2. og 3. gr. samþykta þessarar.

2. gr.

Alla virka daga skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 7 síðdegis og opnaðar eigi fyrir en kl. 8 árdegis á tímabilinu frá 1 apríl—30. sept, og kl. 9 árdegis á tímabilinu frá 1 okt.—31. mars, þó með þeim undantekningum, er nú skal greina:

Aðfangadag jóla og gamlárskvöld skal öllum sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 4 síðdegis, en laugardaginn fyrir páska og laugardaginn fyrir hvítasunnu eigi síðar en kl. 6 síðd.

Síðustu virka daga fyrir aðfangadag jóla og gamlársdag skal heimilt að halda opnum búðum til kl. 10 síðdegis.

3. gr.

Almenna helgidaga, sumardaginn fyrsta, 17. júní og frídag verslunarmanna á Ísafirði mega engar sölubúðir vera opnar.

4. gr.

Eftir lokunartíma sölubúða er óheimilt að selja í lyfjabúðum, á strætum og torgum eða annarsstaðar utan sölubúða kaupmanna, nema úr sjálföldum, nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema samkvæmt verslunarleyfi.